

Mál nr.35/2010

Ár 2010, þriðjudaginn 9. nóvember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 35/2010

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda sem barst siðanefnd 14. júní 2010 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða hafi gerst brotleg við grundvallarreglur félagsins með því að para tíkina Z við rakkann ZZ án þess að tíkin hefði náð tilskildum lágmarksaldri við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 15. júní og henni gefinn andmælafrestur til 13. júlí. Kærða svaraði með bréfi dags. 21. júní. Afrit þess svarbréfs var sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Var þá boðaður sáttafundur með málsaðilum hinn 26. október 2010. Báðir aðilar kynntu sín sjónarmið fyrir nefndinni. Ekki náðust sættir og var málinu vísað til siðanefndar til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Hinn 24. febrúar 2010 var tíkin Z pörud við hundinn ZZ. Hundarnir eru af hundakyninu Shih tzu. Við pörunina var tíkin 21 mánaða gömul og hafði því ekki náð tilskildum lágmarksaldri sem sérdeild mælir með. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur félagsins. Kærða svaraði því til að það hefði alls ekki verið ætlun hennar að para hundana. Það hefði gerst fyrir slysi og taldi kærða að ekki væri hægt að breyta orðnum hlut. Náði pörunun því fram að ganga og fæddist einn hvolpur. Braggast bæði tíkin og hvolpurinn vel að sögn kærðu.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn.

Samkvæmt grein 3.3 í grundvallarreglunum ber félagsmanni í HRFÍ að:

„Para ekki tik fyrir tveggja ára aldur (taka mið af þeim aldri er viðkomandi sérdeild mælir með).“

Í málinu liggur ljóst fyrir að ekki hefur komið fram nein umsókn um undanþágu frá grundvallarreglum félagsins um breytingar á lágmarksaldri tíka af þessu hundakyni fyrir pörun. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglumfélagsins.

Kemur þá til skoðunar hver eru hæfileg viðurlög vegna brotsins. Þó svo pörunin hafi orðið fyrir slysi þá er kærða eigi að síður ábyrg fyrir pöruninni. En kærða hefur í alla staði komið

vel fram, gengist skýlaust við brotinu og þar fyrir utan er siðanefnd ekki kunnugt um að kærða hafi áður gerst brotleg.

IV. Niðurstaða

Kærða telst hafa gerst brotleg við grundvallarreglur HRFÍ

Kærða er áminnt.

Sign:

f.h. siðanefndar

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir